

Ed.

290. Frumvarp til laga

[144. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Fjárhæð þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni, til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, skal varið sem hér segir:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, skulu fá greiddan styrk, sem nemur $1\frac{1}{2}$ styrk einstaklings. Oliustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir. Greiðsla oliustyrks fyrir desember 1976 skv. lögum nr. 9/1976 skal innt af höndum með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega.
- b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olfu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olfukynding.

Viðskiptaráðuneytið ákveður fjárhæð styrks til einstaklinga og rafveitna með hliðsjón af fjárveitingu hverju sinni.

2. gr.

Oliustyrk til einstaklinga samkvæmt a-lið 1. gr. skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlögum 1977 er gert ráð fyrir, að verja kr. 698 millj. í styrk til einstaklinga og rafveitna í samræmi við þær reglur, sem giltu skv. lögum nr. 9/1976. Framlag til Orkusjóðs er nú sérstakur liður í fjárlögum 1977 kr. 1 000 millj., en fór áður eftir ákvæðum laga nr. 9/1976.

Rétt þykir að lögfesta grundvallaratriði í framkvæmd úthlutunar oliustyrksins og miðar þetta frumvarp að því. Ákvæði frv. eru ekki tímabundin, eins og var í fyrri lögum um þetta efni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að viðskiptaráðuneytið ákveði styrkinn miðað við fjárveitingu hverju sinni, en áður var fjárhæðin á einstakling lögbundin árlega.

Lög, nr. 9/1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., voru felld úr gildi með lögum nr. 111/1976 frá 1. janúar 1977. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að desembergreiðsla oliustyrks skv. þeim lögum verði greidd með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega.

Að öðru leyti eru ákvæði frumvarpsins hliðstæð ákvæðum laga nr. 9/1976.